



Hamar, blað sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, 20. janúar 1938

Bjarni Benediktsson – Hamar, blað sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, 20. janúar 1938 – Þorleifur Jónsson
– Loftur Bjarnason – Guðmundur Einarsson – Stefán Jónsson – Bjarni Snæbjörnsson – Ólafur Tr.
Einarsson – Sigurgeir Gíslason – Jón Mathíesen – Júlíus V. J – Enok Helgason – Kristinn J Magnússon –
Björn Helgason – Guðjón Magnússon – Ísleifur Guðmundsson – Magnús Guðjónsson – Ólafur R
Björnsson – Þorvarður Þorvarðarson – Sigurður Kristjánsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-4, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H a m a r

Útgefandi: Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði

7. árg.

Hafnarfirði, fimtudaginn 20. janúar 1938.

1. tbl.

Stefna Sjálfstæðisflokksins í atvinnumálum bæjarins.

Fyrsta skilyrðið til góðrar fjárhagslegrar afkomu hvers bæjarfélags er athafnaríkt og fjölþætt atvinnulíf bæjarbúa. Eftir því sem atvinnan er blómlegri hjá þeim, eftir því innheimtast betur tekjur bæjarsjóðs og fara oft meira að segja fram úr því, sem áætlað er á fjárhagsáætlun. Fátækraframfærslan er líka eins og allir vita, að mjög miklu leyti háð atvinnunni og því meiri sem fátækraframfærslan er, því hærri verða útsvörin. Svo allt ber að sama brunni með það, að aðalþátturinn til viðreisnar bæjarsjóðnum, er aukin atvinna í bænnum.

Eg ætla því að skýra frá viðhorfi okkar Sjálfstæðismanna til atvinnumálanna hér í bæ — og hvað við ætlum okkur fyrir, þegar við skipum meiri hluta bæjarstjórnar hér.

Aðal- og maður getur líka sagt eini atvinnuvegurinn hér í þessum bæ, eru fiskveiðar. Þótt hér kunni að rísa upp fjölbreyttari atvinnuvegir síðar meir, þá munu samt fiskveiðarnar verða aðal- atvinnuvegur Hafnfirðinga í framtíðinni. Þess vegna er skylt af hálfu bæjarstjórnar að gera það, sem í hennar valdi stendur til að tryggja þennan atvinnuveg sem best, skapa honum sem best skilyrði til góðrar afkomu.

Það, sem mest er aðkallandi til að fá þessu framgengt, er góð og örugg höfn. Það hefir svo mikið verið rætt um hafnarmálið í mörg undanfarin ár, að það virðist máske mörgum, að það sé að bera í bakkafullan lækinn, að minnast á það nú, og vissulega er það útbásúnerað af andstæðingum okkar, að hafnarmálið sé óframkvæmanlegt, eins og hver önnur kosningabeita, sem ekkert muni verða úr, þegar kosningar eru afstaðar. Eg hika ekki við að segja og hefi fulla vissu fyrir því, að sérfræðingar í hafnarmannvirkjum álíta, að það fari fjarri því, að hægt sé að kveða upp dauðadóm yfir hafnarmálinu og kalla það hringavitleysu, eins og þeir hafa látið sér sæma hér á bæjarstjórnarfundum, bæði bæjarstjóri og varabæjarstjóri. Það hafa verið gjörð hafnarmannvirki með góðum árangri hér á landi, þar sem aðstaða hef-

ir að sumu leyti (forarledja í botninum) verið svipuð og hér. Sjálfstæðisflokkurinn hefir sí og æ hamrað á framkvæmd og nauðsyn þessa verks, og þótt jafnaðarmenn hafi máske í fyrstu ætlað sér að leysa það, þá hefir það lent í sama sleifarlaginu og framkvæmdarleysinu eins og mörg önnur góð mál, sem dagað hafa uppi hjá þeim meirihluta, sem hingað til hefir ráðið í bæjarstjórninni. Og í haust mun útlendur sérfræðingur hafa verið látinn kasta rekunum á þetta mál og mun bæjarstjóri hafa ætlast til að það væri þar með úr sögunni. Sjálfstæðismenn munu taka þetta mál upp aftur og leiða það farsælega til lykta, standa og falla með því, með þeirri fullu vissu, að áliti sérfróðra manna, að engin víska sé fyrir hendi um það að ekki sé vel framkvæmanlegt að byggja hér höfn.

Það fer enginn í grafgótur með það, hvílikt hagsmunamál hér er á döfinni fyrir bæinn í heild, hvílika atvinnu það myndi veita í plássið, ekki eingöngu meðan unnið væri að hafnarmannvirkjum, heldur líka síðar meir, með aukningu skipaflotans, þegar hann gæti fengið hér öruggt lægi og sömuleiðis er ýmiskonar at-

Svofeld ályktin var samþykkt á sameiginlegum fundi sjálfstæðisfélagana, er haldim var 15. des. síðastl.:

ÁLYKTUN:

Sameiginlegur fundur sjálfstæðisfélaganna „Fram“, „Stefnis“ og „Vorboðans“ í Hafnarfirði, samþykkir að senda út til kjósenda í Hafnarfirði, svofelda yfirlýsingu: „Vitað er, að jafnaðarmenn hafa lagt hafnarmálið á hilluna, og fram hafa komið fullyrðingar frá hr. Emil Jónssyni og núverandi bæjarstjórnarmeirihluta í Hafnarfirði, um að telja megi sem næstum ókleift, að byggja hafnarmannvirki hér á staðnum, vegna geypilegs kostnaðar, sem stafi af því, hvernig botnlagið í höfninni er. Hins vegar er það dlit sérfróðra manna, og margra annara, að þetta sé ekki enn fullrannsakað mál, þar sem því nær engar botnmælingar eru gerðar innan þess svæðis, sem telja má fullvist, að hin væntanlegu hafnarmannvirki verði reist á.

Vill því Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði lýsa því yfir, að hann mun taka upp mál þetta að nýju, ef hann hefir meirihluta-aðstöðu í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, og beita sér fyrir því, að þegar á næsta vori verði gerðar nauðsynlegar botnmælingar og kostnaðaráætlun, og undirbúningur hafinn að byggingu hafnarmannvirkja ekki síðar en haustið 1938.

vinnurekstur kominn undir góðri höfn, t. d. viðgerð og bygging skipa.

Hvað útgerðinni sjálfri viðvikur, þá verður að tryggja það, að hún dragist ekki saman frá því, sem nú er, heldur aukist að mun. Bæjarútgerðin hefir á undanförunum málum verið rekin með afarmjúklu halla, og er engin trygging fyrir því, eins og nú er komið hennar hag, að bankinn hætti ekki við að lána henni rekstursfé og fái skipin öðrum í hendur, sem hún treystir betur. Það verður því fyrsta verk

sjálfstæðismanna, þegar til þeirra kasta kemur, að koma henni á fjárhagslega tryggn grundvöll og reka hana á hagkvæman hátt, svo að maður hafi ekki yfir sér hangandi hættuna um að missa skipin úr plássinu.

Það er öllum vitanlegt, að þar sem Sjálfstæðismenn skipa meiri hluta bæjarstjórna, þar er einstaklingsreksturinn blómlegri, því þeir treysta því, að þeir verði ekki eins hundeltir með háum sköttum, þegar illa árar, eins og þar sem jafnaðarmenn ráða. Þessu til sönnunar má geta um útsvarsuppæðir þær, sem lagðar voru á fjárvana atvinnufyrirtæki síðastliðið ár, t. d. á ýmsa togarana hér (svo sem Svíða og Haukanes), og sem ekki eru til annars en að hjálpa til að koma þeim í rúst hið allra fyrsta. — Við þessu hafa Sjálfstæðismenn varað ár eftir ár, en jafnaðarmenn hér ekki ansað því neinu, en haldið áfram á sinni braut, og er almenningi nú orðið vel kunnugt um, hvort sú braut leiði til velfarnaðar eða ekki.

Hin síðari ár hefir nær öllu atvinnubótafénu verið varið til þess að leggja afardýra götu, sem kemur almenningi hér í bæ að sáralitlu gagni, og má segja engu. Aftur er Strandgatan hér í bænum í sama vandæðaástandinu eins og undanfarin ár. Engar atvinnubætur eru bundnar við hana, eins og nú er, nema hvað einn maður mun hafa atvinnu af því að lóðsa veghefilinn um hana, þegar hún er litt bilfær. — Fyrir nokkru síðan var þó á fjárhags-

Framboðslisti sjálfstæðismanna

við bæjarstjórnarkosningar í Hafnarfjarðarkaupstað, 30. janúar 1938.

1. Þorleifur Jónsson, framkvæmdarstjóri,
2. Loftur Bjarnason, útgerðarmaður,
3. Guðmundur Einarsson, verksmiðjustjóri,
4. Stefán Jónsson, framkvæmdarstjóri,
5. Bjarni Snæbjörnsson, alþingismaður,
6. Ólafur Tr. Einarsson, útgerðarmaður,
7. Sigurgeir Gíslason, sparisjóðsgjaldkeri,
8. Jón Mathiesen, kaupmaður,
9. Júlíus V. J. Nýborg, skipasmiður,
10. Enok Helgason, rafvirki,
11. Kristinn J. Magnússon, málaramestari,
12. Björn Helgason, skipstjóri,
13. Guðjón Magnússon, skósmíðameistari,
14. Ísleifur Guðmundsson, fiskimatsmaður,
15. Magnús Guðjónsson, útgerðarmaður,
16. Ólafur R. Björnsson, bifreiðarstjóri,
17. Þorvarður Þorvarðarson, verkstjóri,
18. Sigurður Kristjánsson, fyrv. kaupfélagsstjóri.

B-listinn er listi Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningarnar í Hafnarfirði.

áætlun ætluð töluverð fjárupphæð til malbikunar götunnar. En ekkert varð úr framkvæmdum og liðurinn hvarf af áætluninni. Sjálfstæðismenn álita, að það sé ólíkt skynsamlegra, að eyða atvinnubótafénu í malbikun Strandgötunnar, heldur en eins og nú er gert. Þeir eru þess líka fullvissir, að ríkisstjórnin muni styrkja þá í þessari viðleitni, þar sem gatan er um leið aðalleiðin fyrir Reykjanesskagann og þau fjölmennu kaupþún, sem þar eru; bæði með því að veita eitthvert framlag til malbikunarinnar umfram það framlag, sem lögum er samkvæmt, og líka með því að lána bænum verkfæri, sem nauðsynleg eru, og sem nú eru notuð við malbikun Hafnarfjarðarvegarsins, þegar þau ekki eru í notkun þar. Um leið og þetta yrði bænum til gagns og þryði, mundi það verða stórfeld atvinnubót.

Næsta sumar er ætlast til að Rafveita Hafnarfjarðar verði fullger. Þá fá Hafnirfirðingar ódýrt og gott rafmagn. Mörg undanfarin ár hafa Hafnirfirðingar þessi bæði þess með óþreyju, að þeir yrðu aðnjótandi þessa mikla hagsmuna- og menningarmáls, sem Sjálfstæðisflokkurinn á Alþingi og í bæjarstjórn Reykjavíkur hafa svo gífusamlega leitt til lykta. Nokkur seinagangur hefir verið á því, að Hafnirfirðingar gætu hagnýtt sér Sogsráfmagn, en nú virðist tíminn sem sagt vera að nálgast. Það er vitað, að ótal atvinnufyrirtæki eru háð notkun ódýrs rafmagns, svo að full víska er fyrir því, að aukid líf mun hlaupta í ýmskonar iðnað hér í bæ, þegar rafmagnid kemur. Sjálfstæðismenn munu af ítrasta megni stuðla að því, að slíkur iðnaður megi blómgastráttur sem bezt, engu síður en útgerðin, bæði með því að hvetja einstaklingsframtakið með skynsamlegum aðgerðum bæjarstjórnarinnar og hlúa að þessum fyrirtækjum á alla lund, svo að þau mættu auka sem mest atvinnu og gjaldgetu bæjarbúa.

Auk þessa mun Sjálfstæðisflokkurinn, þegar hann hefir meirihluta-aðstöðu í bænum, stuðla að því, að atvinnan aukist á ýmsum öðrum sviðum, sérstaklega í sambandi við sjávarútveginn, t. d. að togarnir væru gerdir út á ufsa til herzlu, sem mundi verða mikil atvinnubót, og yfirleitt er flokkurinn þess fullviss, að það, sem Hafnirfirðingum ber að heina kröftum sínum að til viðreisnar atvinnulífi í bænum, sé bundið við höfnina og sjávarútveginn. Þar liggur lífæð bæjarins, og að henni verður að hlúa.

B. S.

Sjálfstæðismenn og konur, sem ekki verðið í bænum á kosningadaginn, 30. jan., dragið ekki að kjósa hjá bæjarfógeta.

Listi Sjálfstæðisflokksins er B-LISTI.

Á Hafnarfjörður að halda áfram að vera sjálfstæður bær?

I.

Þegar Sósíalistar komust til valda hér í bænum fyrir tólf árum síðan, var Hafnarfjörður í miklum uppgangi. Hér var þá næg atvinna fyrir alla og almenn velmegun og velliðan. Efnabagur bæjarsjóðsins sjálfs var ágætur, enda þótt þá væri, á tillölulega skömmum tíma, búið að verja miklu fé af bæjarins hálfu, svo sem til að kaupa nærfelt allt það land, sem bærinn á nú, leggja vatnsveitu bæjarins, byggja hér um bil allar þær götur, sem enn eru til í bænum, stækka og endurbæta gamla barnaskólann, byggja leikfímishúsið og byrjað að veita fé til byggingar nýja barnaskólans. Þá var og byrjað á holresalögn í götur bæjarins. Loks má geta þess, að þá hafði verið lagður mjög myndarlegur grundvöllur að hafnarsjóðnum, þeim sjóði, sem ætlað var að verða — og hefði getað orðið — traustasti hornstein atvinnu- og fjárhagslegur afkomu bæjarins og bæjarbúa, en sem orðið hefir arðlaus og einskis megnugur í höndum sósíalista, sökum amlóðaskapar þeirra og skammsýni.

En eins og áður er sagt, þá var þrátt fyrir það mikla fé, sem bæjarsjóðurinn hafði varið á fáum árum til þeirra framkvæmda, er hér hefir verið minnst á, fjárhagur hans svo góður, að hann átti rúmar 50 þúsund krónur umfram skuldir, og greiddi jafnan hverjum sitt á réttum tíma og í reiðu fé. Og samtímis þessu voru álögur á bæjarbúa til almenningsþarfa, bæði einstaklinga og atvinnufyrirtæki, hinar skaplegustu og mjög í hóf stílt. Með öðrum orðum: Hér ríkti heilbriggt jafnvægi í meðferð og stjórn bæjarmálanna, sem svo aftur skapaði það efnahagslega öryggi fyrir afkomu einstaklinganna hvers um sig og bæjarheildarinnar, sem ætíð verður að vera til staðar, ef alt á að fara vel.

II.

Þannig var umhorfs hér í bænum þegar hin rauða alda sósíalismans skall yfir og „alþýðuforingjunum“ tókst með blekkingum og fagurgala að gínna fólkið til að fá þeim í hendur völdin í bænum. Fólkið lét hin gullnu loforð þeirra um enn meiri framkvæmdir í bænum, um enn betri efnahag bæjarsjóðs, um enn betri og meiri atvinnu, um algjört afnám skatta og álagna, gleppja sér sýn og gaf sig þeim á vald í þeirri

sælu trú, að nú væri því borgið upp á lífstíð!

En mikil og sár hafa vonbrigði fólksins orðið, ekki á einu sviði, heldur öllum, ekki fyrst og fremst vegna þess, að „alþýðuforingjunum“ hefnadist ekki að færa neitt til betra vegar, heldur af því, að þeir hafa fært alt til verri vegar; ekki svo mjög vegna þess, að þeir gátu ekki betur en haldið í horfinu, heldur af því, að á þeirra valdatímabili hefir alt komist í hina mestu eynd og vesaldóm í bænum. Í stað atvinnu og almennrar velmegunar hefir komið atvinnuleysi og örbyrgð, í stað skattaafnáms hafa komið margfaldar skattahækkningar og margfaldar álögur, í stað aukinna framkvæmda kyrstaða og niðurniðsla á því, sem til var fyrir og í stað þess að bæta efnahag bæjarins, þá er honum nú svo komið, að bærinn skuldar orðið raunverulega fleiri hundruð þúsund krónur fram yfir eignir, og að bæjarins biður ekkert annað en grátt og ómurlegt gjaldþrotið ef ekki verður að gert — og það strax.

Um þetta atriði skal nú farið nokkrum fleiri orðum.

III.

Sósíalistar komust brátt að raun um það, eftir að þeir tóku við völdunum 1926, að þeir gátu ekki samræmt raunveruleikann og hin gullnu loforð, sem þeir höfðu gefið fólkinu, meðan þeir voru í minni hluta. En til þess að geta haldið völdunum, þá héldu þeir blekkingunum áfram og börðu með þeim í brestina.

Fjárhag bæjarins höfðu þeir lofað að bæta, en er veruleikinn sýndi þeim svart á hvítu, að þeim tókst það ekki, þá gripu þeir til þess ráðs, að setja nýtt mat á ýmsar fasteignir bæjarins. T. d. hækkuðu þeir þegar á fyrsta stjórnarári sínu bæjarlandið úr 110 þús. krónum upp í 350 þús. krónur og svo 1930 hækka þeir landið enn í verði upp í 500 þús. krónur. Sama ár hækka þeir líka Hvaleyrarkotinn í verði, úr 16 þús. krónum upp í kr. 34.800,00.

Þannig voru nú „framkvæmdirnar“ hjá Sósíalístum! Þeir settust bara á endann og skrifuðu í reikning bæjarsjóðs 500 þúsund í staðinn fyrir 110 þúsund og þrjátíu og fjögur þúsund og átta hundruð, í staðinn fyrir 16 þúsund!

Með þessu móti „bættu“ þeir, „alþýðuforingjarnir“, fjárhag

bæjarins — með tveim pennadráttum — um hvorki meira né minna en fjögur hundruð og átta þúsund og átta hundruð krónur!!

Þetta er á máli „foringjanna“ að „kunna vel til vigs“! Þessar og þvilikar blekkingar eru þeirra vopn og verja. Og þessum vopnum hafa þeir oftar brugðið í sambandi við efnahag bæjarsjóðsins, heldur en hér hefir verið greint. T. d. er í efnahagsreikningnum 1936 Flensborgarskólinn ný metinn á 135 þúsund krónur, enda þótt að ekki hafi verið lagðar til byggingarinnar nema kr. 92.239,70, og ennfremur skuldabréf, sem bærinn keypti í Krýsuvík fyrir kr. 24.780,03, er þar talið á 35 þúsund krónur. — Á þeim liðum, sem hér hafa verið tilgreindir, hafa Sósíalistar því „bætt“ fjárhag bæjarins á pappírnum um samtals fjögur hundruð sextíu og eitt þúsund, sjö hundruð og átíatíu krónur og tuttugu og sjö aural!

Þegar svo að þessi tala, sem þannig hefir verið „búin til“ af sósíalístum, er athuguð í sambandi við upphæð þá, sem á bæjarreikningnum 1936 er talin vera skuldlaus eign bæjarsjóðs — en hún nemur kr. 426.786,95, kemur í ljós að í raun og veru skuldar bæjarsjóðurinn kr. 34.993,32 umfram eignir. Hér við bætist svo sú fúlga, sem Bæjarútgærdin skuldaði samkv. reikningi umfram eignir í árslok 1936, sem sé kr. 458.256,67. Það er því hvorki meira né minna en tæp hálf milljón króna, sem virðist vanta á það, að bærinn eigi fyrir skuldum, ef miðað er við bókfært verð bæjarlandsins og Hvaleyrarkotanna þegar sósíalistar tóku við völdum.

IV.

Svo sem af þessu má greinilega sjá, er fjárhagsástand Hafnarfjarðarbæjar hið alvarlegasta, sem hugsast getur og að ekkert biður bæjarins annað en algjört brun og glötun tilveruréttar, sem sjálfstæðs bygðarlags ef slíku fer stundinni lengur fram, sem nú horfir. —

Hér þarf — og það þegar í stað — að snúast til viðnáms og viðreisnar og það þarf að gerast með samstilltum kröftum allra borgara bæjarins.

Og þetta áttak verður að gerast undir forystu sjálfstæðismanna, sem jafnan hafa við vöðunum varað og sem einum er treystandi til að gera þær ráðstafanir, sem fjárhag bæjarins mega að haldi koma.

Sósíalista-„foringjunum“ getur ekki nokkur bæjarbúi lengur treyst. Þeir hafa dæmt sig sjálfir með aðgerðum sínum í stjórn bæjarmálanna síðustu 12 árin og sá dómur mun verða innsiglaður af kjósendunum 30. þ. m.

Þorl. Jónsson.

Hafnarmálið.

Mesta velferðarmál Hafnirðinga hefir verið tafið af sósíalístum.

Það er enginn efi á því, að hafnarmálið er mesta velferðarmál Hafnirðinga, og ber þar tvent til. Í fyrsta lagi, þá er lífsnáðsyn að tryggja skip þau, sem við bryggjurnar liggja, fyrir hafsjóm vestanáttarinnar. Í öðru lagi yrðu hafnarbæturnar hin mesta atvinnubót fyrir hafnirfirska verkamenn.

Það ætti að vera óþarfi að rekja sögu þessa stórmáls, svo oft hefir það verið gert í blaði sjálfstæðismanna hér í bænum. En þó skal það gert hér í stórum dráttum.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið „Kári“ beitti sér fyrst fyrir að bæjarstjórn gerði nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hrinda hafnarbyggingunni í framkvæmd. Fyrsta áfanganum í þessu máli var náð, þegar þingmaður Hafnirðinga, Ólafur Thors, fékk árið 1929 samþykkt á Alþingi lög, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að veita til hafnarbyggingar í Hafnirfirdi 333 þús. krónur og henni einnig gefin heimild til að ábyrgjast lán til sama verks, allt að 667 þús. krónum. Lög þessi fengu staðfestingu 16. júní sama ár. Var þar með búið að tryggja einnar miljón króna framlag og lán til hafnarbyggingarinnar, fyrir utan allt það reiðufé, sem hafnar-sjóður átti þá.

Annar áfanginn var að framkvæma nauðsynlegan undirbúning vegna byggingu hafnarinnar. Var Emil Jónssyni verkfræðingi bæjarins falið það verk. Nú líða fjögur ár. Emil gerir ekkert að gagni í málinu, þrátt fyrir margítrekaðar aðfinslur bæjarstjórnar og sífeldan eftirrekstur skipstjóra- og stýrimannafélagsins „Kári“ og sjálfstæðismanna um að hraða undirbúningi hafnarbyggingarinnar. Loks eftir að bæjarstjórnarkosningar höfðu farið fram árið 1934 og ég kom í hafnarnefnd, var málið að nokkru leyti tekið úr höndum Emils um stund, því að fyrirsjáanlegt var, að hann ætlaði ekkert að gera í málinu. Hinn 4. maí 1934 samþykkti hafnarnefnd að ráða Axel Sveinsson verkfræðing til að mæla upp höfnina. Áður hafði Emil neitað slíku, því að þegar tillaga kom um það í bæjarstjórn, sagði hann með miklum þjósti, að hann, Emil Jónsson, ætlaði að leysa þetta mál, enda væru Hafnirðingar búnir að fá nóg af þessum utanbæjarverkfræðingum, eins og hann orðaði það.

Þegar Axel Sveinsson hafði lokið við að mæla upp fyrir hafnarargörðum og gefið hafnarnefnd

Sjálfstæðismenn ætla að byggja sjólaug

Ef Sjálfstæðismenn fá meirihluta í bæjarstjórn, ætla þeir að leysa sundlaugarmálið. Þeir ætla að byggja opna sjólaug, svo allir Hafnirðingar geti lært sund. Þeir vilja láta jafnt unga sem gamla verða aðnjótandi þeirrar heilsulindar, sem volg sjóböð og sólböð færa þeim, sem þau stunda. Þeir munu hafa að engu mótlæra Guðjóns skólastjóra, Guðmundar Gissurarsonar eða Emils Jónssonar, sem veitti Guðmundi Gissurarsyni lið á bæjarstjórnarfundinum um daginn, þegar hann var að blekkja bæjarstjórnina í sundlaugarmálinu. Loftur Bjarnason.

skýrslu, samþykkti hún að láta gera teikningar af tveimur hafnarargörðum og einum til vara að vestan-verðunni, sem hlífði bryggjunum, ef of dýrt reyndist að byggja lokaða höfn með tveimur gördum. Var dönsku verkfræðingafirma, Höjgaard & Schultz, falið að gera teikningar og kostnaðaráætlun, að fullkominni höfn og til vara einum garði, rétt fyrir vestan gömlu hafskipabryggjuna, ef fullkomín höfn reyndist of dýr. Að öðru leyti var Emil falið að sjá um málið.

Ekkert fékk hafnarnefnd að vita um þetta mál, fyr en 22. okt. s.l., að verkfræðingur frá firm-
anu Höjgaard & Schultz, sem er sama firmað og bygði Sogsvirkjunina, kom á fund hafnarnefndar og tjáði henni, að það kostaði 5—6 miljónir að byggja hér lokaða höfn. Eg gat því miður ekki mætt á þessum fundi, því að ég var að fara til útlanda þennan dag, en ekkert stendur um það í bókum hafnarnefndar, að neinar teikningar hafi verið lagðar fram, eða nein kostnaðaráætlun um garð til að skýla báðum bryggjunum. Eftir að sósíalistar höfðu fengið þessa mjög svo kærkomnu umsögn verkfræðingsins, svo langt sem hún náði, munu þeir hafa ákveðið að láta hafnarmálið sofna svefninum langa.

Við Sjálfstæðismenn ætlum, ef við komumst í meirihluta í bæjarstjórn, að láta byggja garð, sem hlífir báðum bryggjunum. Við ætlum að nota til þess framlag það og lán, sem ríkisstjórninni var heimilað að láta Hafnarfjarðarbæ fá til að byggja höfn fyrir. Einnig ætlum við að nota

atvinnubótafé til að byggja garðinn, ef með þarf, því það er miklu nær að nota það til hafnarbóta en að vera að þenja götur út í hraun með ærnum kostnaði, sem enginn byggir við, meðan fólkinu fækkar hér í bænum. Þá getur bærinn borgað nokkuð af skuld sinni við hafnarsjóð, því sjálfur á hann ekki í reiðufé yfir 10 þús. krónur, því Sósíalistar hafa féflet hann undanfarin ár, með því að borga honum ekki gjöld sín. Það álíta þeir einungis heyrja Sjálfstæðismönnum til.

Munurinn á Sjálfstæðismönnum og Sósíalístum í hafnarmálinu er því þessi: Sósíalistar hafa gert að engu alla þá atvinnu-

möguleika fyrir Hafnirðinga, sem komið hefðu, ef hér hefði verið framkvæmdar hafnarbætur. Þeir hafa ekki viljað taka á móti einnar miljón króna framlagi og ábyrgð frá ríkissjóði. Þeir hafa undanfarin ár verið að féfletta hafnarsjóð svo freklega, að hann, sem á eignir á pappírnum á aðra miljón króna, á aðeins í reiðufé innan við 10 þús. krónur. Sjálfstæðismenn, ef þeir fá meiri hluta í bæjarstjórn, ætla að lagfæra óreiðuna, sem nú ríkir með hafnarsjóð. Þeir ætla að taka við einnar miljón króna framlagi og ábyrgð frá ríkissjóði. Þeir ætla að leysa hafnarmálið.

Loftur Bjarnason.

Jafnaðarmenn snúast kringum sjálfa sig.

Það má segja, að í fáu séu jafnaðarmenn sjálfum sér samkvæmir. Fyrir síðustu kosningar, var stofnsett sjálfstæðisfélag kvenna hér í bænum, með um 200 konum.

Jafnaðarmönnum varð svo bylt við þá félagsstofnun, að þeir gátu ekki fundið öllu sterkarí orð um félagsstofnunina, en þeir birtu í blöðum sínum. En ótti þeirra var ekki ástæðulaus, þegar tekið er tillit til ósigurs þeirra um land allt í sumar. Síðar fór að kveða við annan tón, um gagnsemi slíks félagsskapar meðal kvenna. Þá tóku þeir sig til, og fóru að skrifa um ágæti þess, að stofnað yrði kvennafélag hjá þeim, og töldu fram ágæti væntanlegs starfs þess félagskapar.

Um leið og skammidegið breiddist yfir okkur, tóku þeir sig til og fálmuðu sig áfram í myrkurinu, að húsabaki, að leita hvort einhver fengist, sem þátttakandi í fyrirhugaðri félagsstofnun þeirra. En ekki þoldi það betur birtuna en svo, að aldrei var auglýstur stofnfundur hjá þeim. Ástæðan fyrir því, að nokkrar konur hafa náðst er sú, að ennþá eru, því miður, nokkrar sálir sem ekki hafa ennþá opnast augun á, fyrir óstjórn þeirra í bænum, sem er þó svo þjóðfræg að allskonar endumum, að lítið hefir verið á okkur Hafnirðinga, undanfarin ár, með *litilsvirðingu og meðaamkvæm*. Það megum við þeim þakka, sem hér hafa ráðið. En við þolum þetta ekki lengur.

Þeir hafa vist orðið fyrir vonbrigðum með þessa félagsstofnun sína, því til að skeyta skapi sínu á einhverjum andstæðinga sinna, byrjuðu þeir á okkur kvenfólkinu, — það er nú þeirra *karlmenska*. Er þeir nú þegar byrjaðri að bera ósannar sögur út um bæinn um „Sjálfstæðiskvennafélagið Vorboðinn“.

Félagið hefir verið þyrnir í þeirra augum frá því fyrsta, og undanfarin hafa þeir breitt það út um bæinn, að úr félaginu hafi

konur gengið hópum saman, og það ekkert smáæði, hvorki meira né minna en 30 að tölu.

Jafnaðarmenn gera lítið að því, að tileinka sér sannleikann, og láta sig því lítið muna, að bera ósannindi á borð fyrir fólk. En sannleikurinn er sá, að úr félaginu hefir *engin* kona sagt sig, og eru nú hátt á þriðja hundrad félagskonur, og bætist við á hverj-

Strætisvagnar Hafnarfjarðar eiga að fá heim-inginn af keyrslunni.

Svohljóðandi tillaga var borin fram af Sjálfstæðismönnum á bæjarstjórnarfundi hinn 11. þ. m.

„Um síðastliðin áramót hættu Strætisvagnar Reykjavíkur h/f. að halda uppi, að sinum hluta, áætlunarferðum með bifreiðum á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og hafa Áætlunarbilar Hafnarfjarðar h/f. annast þá flutninga síðan.

„Þar sem nú að viðurkennt er, að sem næst þrir af hverjum fjórum mönnum, sem milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur ferðast, séu Hafnirðingar, og þar sem hinsvegar að hafnirfirska bifreiðafélagið hefir fram að þessu ekki haft sérleyfi til fólksflutninga á þessari leið, nema að einum fjórða hluta, þá virðist öll sanngirni mæla með því að þessu verði breytt þannig, að Áætlunarbilar Hafnarfjarðar h/f. fái leyfi til að halda uppi fólksflutningum á þessari leið, a. m. k. að hálfu leyti, enda mun félagið hafa nægan kost bifreiða til þess.

Fyrir því samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að skora á Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum, að veita Áætlunarbílum Hafnarfjarðar h/f., sérleyfi til að halda uppi fólksflutningum á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur að hálfu leyti á móti Bifreiðastöð Reykjavíkur og Bifreiðastöð Steindórs Einarssonar.“

Viðreisn atvinnulífsins stærsta málið.

Fremur hljótt hefir verið til þessa um þær mikilvægu bæjarstjórnarkosningar, sem nú standa fyrir dyrum. Þó hefir mátt merkja, að sósíalistar eru nokkuð teknir að ókyrrast, og kvíða þeir því, að Hafnfirðingar muni nú gefa þeim fri frá störfum, um stundarsakir að minsta kosti. Er því nú farið um bæinn og reynt að tala um fyrir mönnum, og þar sem svo mun víða reynast, að erfiðleikar muni allmiklir á því að sannfæra bæjarbúa um ágæti þeirrar stjórnar, sem verið hefir hér að undanfögnu, þá er jafnframt brugðið upp fyrir fólki myndum, sem eiga að vera til þess að hræða það frá því að fylgja fram á kvörðun sinni um það, að breyta nú til um stjórn þessa bæjarfélags og fá hana í hendur Sjálfstæðismönnum. Það, sem sósíalistar nota hvað mest í þessu augnamiði er það, að ef Sjálfstæðismenn komist að völdum, muni atvinnubótavinnan leggjast niður og atvinnuleysi aukast að sama skapi. Er þetta hinn litilmöglasti tilbúningur, og sýnir glögt, hversu sósíalistar eru óvandar uð meðulum í kosningabaráttu sinni. Svo langt er frá því, að Sjálfstæðismenn muni leggja niður atvinnubótavinnu, eða nokkuð það aðhafast, sem fært gæti með sér skerðingu á atvinnu bæjarbúa, að þeir munu telja það fyrsta og aðalmál sitt, eftir að

um fundi. Þessum ósannindum vísa eg því þangað, sem þau komu frá.

Það, sem um mig persónulega er sagt, læt eg afskiftalaust. En munið það, konur, að um leið og fjölgar í okkar félagsskap, þá styrkir það okkur í baráttunni, og að sigur okkar var glesilegur 20. júní síðastl., og verður ekki síður nú, 30. janúar.

Við viljum enga flóttamenn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, heldur þá, sem una við sitt og hafa unnið að heill bæjarins og munu gera það í framtíðinni.

Í vor ákváðum við sjálfstæðiskonur og menn, að Bjarni Snæbjörnsson læknir kæmist á þing, og það tókst með ágætum; eins mun og verða nú, að hann heldur áfram að vera í bæjarstjórn, og það í meirihluta.

Öll þjóðin veitti Hafnfirði sérstaklega athygli í vor, hvernig kosningar færu hér, og ekki verður það síður nú, við bæjarstjórnarkosningarnar, þegar við hrindum af þennum „rauða okinu“, sem hefir legið á þennum eins og mara og lamað bæjarbúa.

Sjálfstæðiskonur! Störfum vel og drengilega, þá er sigurinn vis þann 30. janúar.

„Sá hlær best, sem síðast hlær.“
Rannveig Vígfúsdóttir.

þeir hafa náð meirihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, nú við þessar kosningar, að efla og auka atvinnulíf þessa bæjarfélags, og þar með bæta afkomu bæjarbúa.

Atvinnubótavinnunni munu Sjálfstæðismenn halda áfram, uns því takmarki er náð, að allir vinnufærir borgarar geti fengið þörfum sínum fullnægt með störfum í þágu heilbrigðs og blómlegs atvinnulífs, en þurfi hvorki í því efni að leita til hins opinbera um atvinnubótavinnu eða framfærslueyri á annan hátt.

Með framkvæmd hafnarbyggingar, munu Hafnfirðingar, undir forystu Sjálfstæðismanna, stiga stærsta og mikilvægasta sporið, sem Hafnfirðingar hafa nokkru sinni stigið, til aukinnar atvinnu og bættra lífskilyrða fyrir þetta bæjarfélag.

Sósíalistar hafa látið það vera eitt af aðalmálum sínum, að standa gegn framkvæmd þessa máls. Sú afstaða þeirra til þessa

máls, sem vaxandi hluti bæjarbúa er farinn að skilja, að er hyrningarsteinn undir bættum hag og framförum þessa bæjarfélags, mun meðal annars verða til þess, að tryggja Sjálfstæðisflokknum sigur í þessum kosningum, þeim flokki, sem jafnan hefir haldið uppi baráttu fyrir þessu máli.

Með sigri Sjálfstæðismanna við þessar kosningar, munu Hafnfirðingar eigi aðeins nema staðar á þeirri braut ófarnaðar og niðurlægingar, sem farin hefir verið að undanfögnu, heldur munu þeir hefja öfluga baráttu fyrir viðreisn þessa bæjarfélags. Baráttu gegn atvinnuleysi og örbirgð borgaranna, fyrir aukinni atvinnu og bættum hag. Gegn fjármálaóreiðu og ávisanabraski bæjarstjórnar — fyrir heilbrigðri fjármálastjórn, er skapi bæjarstjórnar möguleika til þess að greiða hverjum það, sem honum ber, á réttum tíma.

Alhliða viðreisn Hafnarfjarðar er kjörórð Sjálfstæðismanna. Til þess að ná því takmarki, óskar Sjálfstæðisflokkurinn fulltingis sem flestra Hafnfirðinga, sem í þessu efni eiga allir einu og sömu hagsmuna að gæta.

Stefán Jónsson.

Breytt forysta fyrsta skilyrðið

Þegar Hafnfirðingar að þessu sinni ganga að kjörborðinu, til þess að velja bæjarfélaginu forystu næstu fjögur árin, er óhætt að fullyrða, að ástand það, sem verið hefir hér í bæ undanfögnu ár, og sem nú ríkir, er með öllu óviðunandi.

Atvinnulíf bæjarbúa hefir farið hriðversnandi með hverju árinu, sem líðið hefir. Tala þeirra vinnufærra manna, sem ekki hafa fengið úr þörfum sínum bætt með afrakstri vinnu sinnar, hefir og farið sívaxandi. Atvinnuleysi og fátækt er það hlutskifti, sem Hafnfirðingar hafa nú við að búa, og þeim fer óðum fækkanandi, sem betur eru staddir í þessum efnum.

Gjöld þau, sem pressuð eru út af bæjarbúum, og sem eru svo há hér, miðað við gjaldgetu, að hvergi mun dæmi annars eins á landi hér, fara að langmestu leyti til fátækraframfærslu, og lítið sem ekkert verður afgangi, til þess að bæta úr öðrum þörfum bæjarfélagsins.

Afleiðing þessa er kyrstaða, þar sem ekki er um beina afturför að ræða. Þeir menn, sem að undanfögnu hafa átt að standa í fylkingarbrjósti Hafnfirðinga, í baráttunni við erfiðleikana, hafa ekki reynst þess megnugir, að afstýra þeim vandræðum, sem nú ríkja. Í stað þess að standa með Hafnfirðingum í baráttunni fyrir aukinni atvinnu, og bættum kjörum almennings, hafa þessir menn meir og meir fjarlægst þeim skilyrðum, sem hér eru fyrir

hendi. Þeir hafa ekki lengur séð sér fært, að búa við þau lífskjör, sem Hafnfirðingar verða að sætta sig við. Á þetta sérstaklega við um fyrv. bæjarstjóra Emil Jónsson, sem hljóp frá störfum sínum fyrir þetta bæjarfélag, áður en sá tími var líðinn, sem honum bar skylda til að gegna sínu starfi sem bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Sú krafa, sem Hafnfirðingar gera til þeirra, sem nú taka við stjórn þessa bæjar, að afloknum kosningum, er fyrst og fremst sú, að ráðin verði bót á því mikla atvinnuleysi, sem hér ríkir. Aukin atvinna er fyrsta og eina skilyrði þess, að Hafnfirðingar þurfi eigi að feta í fótspor forystumanna, sem leitað hafa út fyrir bæjarfélagið með atvinnu sína, heldur geti glaðir og ánægðir unað hag sínum hér. Það er og fyrsta skilyrðið fyrir því, að viðreisn geti hafist um fjármál Hafnarfjarðarbæjar, sem — svo sem öllum er kunnugt — hafa verið í hinni megnustu óreiðu undir stjórn sósíalista.

Hafnfirðingar munu því, við þessar kosningar, breyta til um forystu. Þeir munu nú fá Sjálfstæðismönnum völdin í hendur, og með kosningu

Bjarna Snæbjörnssonar

tryggja það, að alhliða viðreisn geti hafist, undir forystu Sjálfstæðismanna.

Hafnfirskur kjósandi.

B-listinn
er listi Sjálfstæðisflokksins í Hafnfirði.

Bræðslusíldar verðið.

Bræðslusíld verður keypt fullu verði við afhendingu.

Vegna þess, að Alþýðublaðið hefir undanfarið verið að reyna að koma því inn hjá sjómönnum, að ekki yrði borgað út nema 85% af áætlðu verði síldarinnar við afhendingu í Síldarverksmiðjur ríkisins, og að þær ætli að gangast fyrir einhvers konar lækkan á bræðslusíldarverðinu, í hagsmunaskyni fyrir þær verksmiðjur, sem væru í einkaeign, þá þykir rétt, að benda á, að fyrir atbeina Sjálfstæðismanna á Alþingi, var engin breyting gerð á þeirri grein laganna, sem fjallar um útborgunina, — það er 6. grein í gömlu lögunum, en 9. gr. í hinum nýju.

Fulltrúar Sjálfstæðismanna í verksmiðjustjórninni, þeir Sveinn Benediktsson og Jón Þórðarson, sem báðir hafa áður átt sæti í verksmiðjustjórninni, hafa beitt sér fyrir því, að heimildin um að kaupa síld föstu verði, yrði notuð, — enda hefir það altaf verið gert, nema fyrsta starfsár verksmiðjanna. Þeir hafa lýst því yfir, að þeir áliti, að hentugast sé, bæði fyrir viðskiftamenn verksmiðjanna og þær sjálfir, að síldin sé keypt föstu verði við afhendingu. Einnig hefir framkvæmdarstjóri verksmiðjanna, Jón Gunnarsson, lýst því yfir, að hann vilji láta kaupa síldina föstu verði við afhendingu.

Ef Finnur Jónsson verður með því, að kaupa síldina föstu verði við afhendingu og Haraldur Guðmundsson leyfir það, þá verður það gert, eins og að undanfögnu.

Allur söguburður um að bræðslusíldin verði ekki keypt föstu verði, eru ósannindi, sem ekki hafa við nein rök að styðjast, nema Finnur og Haraldur snúist á móti því.

Kosningaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins

er á Lækjargötu 5.

Þar eru gefnar allar upplýsingar kosningunum viðvikjandi.

Sími 9228.

Ábyrgðarm.: Loftur Bjarnason.
Félagsprentsmiðjan.